

## 29. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 22. apríl 2014

### Fundargerð

Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum.

**Mætt:** Valdimar O. Hermannsson formaður, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Auður Ingólfssdóttir, Páll Baldursson (varamaður Stefáns Boga Sveinssonar) og Arnbjörg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð. Þórunn Eymundardóttir, sem er erlendis og Adolf Guðmundsson, sem er í Reykjavík boðuðu forföll.

Undir 2. dagskrárlið eru mætt Magnús Jónsson endurskoðandi og Anna Dóra Helgadóttir fulltrúi fjármála. Undir 5. dagskrárlið er mætt starfsháttanefnd Austurbrúar, þau Skúli Björn Gunnarsson, Björn Hafþór Guðmundsson og Jóna Árný Þórðardóttir.

#### Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
2. Ársreikningur Austurbrúar ses 2013, kynning og yfirferð á fjárhag.
3. Samkomulag um starfslok framkvæmdastjóra, tilhögun og tilkynningar
4. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður mála... Verkefnalisti KSG/VOH.
5. Ársfundur Austurbrúar ses, *dags 9. maí 2014*, undirbúningur og áherslur
  - Inná fundinn kæmi starfsháttanefnd, til samtals við stjórn um tillögur sínar
6. Önnur mál,.....
  - Fundur með starfsmönnum
  - Erindi, bréf ofl.p.h.

Formaður setur fund kl. 15.00 og býður fundarmenn velkomna.

#### 1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs

Fundargerð frá 28. stjórnarfundum, 18. mars lögð fram, staðfest og undirrituð. Tvær fundargerðir framkvæmdaráðs frá 8. apríl og 19. apríl, lagðar fram og staðfestar. Formaður fór yfir og skýrði efni þeirra er varðaði frestun á starfsmannafundi og ástæður þess, fund með fagráði, húsnæðismál, undirbúning ársfundar, undirbúning stjórnarfundar og umræður um stöðu mála innan Austurbrúar á fyrra fundinum. Á seinna fundi var rætt um starfslok framkvæmdastjóra, erindi frá trúnaðarmanni f.h. starfsmanna Austurbrúar, undirbúning stjórnarfundar og ársfundar.

## 2. Ársreikningur Austurbrúar ses 2013, kynning og yfirferð á fjárhag

*Gögn fyrir fundinn: Ársreikningur 2013, sundurliðanir á tekjum og gjöldum greint á rekstrarsvið og endurskoðunarskýrsla.*

Mættur er Magnús Jónsson lögg. endurskoðandi KPMG, sem annast endurskoðun Austurbrúar ses. og Anna Dóra Helgadóttir fulltrúi fjármála.

Endurskoðandi skýrði helstu niðurstöður ársreiknings 2013 og vakti athygli á fjárhagsstöðu og rekstrarhæfi. Það er mat endurskoðanda að með óbreyttum rekstri muni Austurbrú komast í fjárþröng 2014, þannig að stofnunin geti ekki staðið skil á skuldbindingum sínum.

Rekstrartekjur eru 352,5 m.kr. og rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði er neikvæð um sem nemur 16,8 m.kr. Heildarafkoma er neikvæð um 21,1 m.kr. samanborið við 9,3 m.kr. rekstrarhalla á fyrra ári.

Heildareignir í árslok 2013 eru bókfærðar á 62,8 m.kr. Eigið fé var neikvætt um 31,1 m.kr. í árslok. Veltufé frá rekstri var neikvætt sem nam 17,1 m.kr.

Veltufjármunir námu 40,7 m.kr. og vega viðskiptakröfur upp á 26,3 m.kr. þyngst. Skuldir við lánastofnanir námu 22,5 m.kr., samanborið við 19,6 m.kr. árið áður og skiptast í langtímalán að fjárhæð 6,8 m.kr., næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 1,5 m.kr. og yfirdráttarlán að fjárhæð 14,2 m.kr. Skuld við Vaxtasamning Austurlands nam 23 m.kr., en Austurbrú er umsjónaraðili sammingsins.

Meðalfjöldi starfsmanna voru 25 á árinu 2013, miðað við 18 árinu 2012.

Sérstakt starfsþáttayfirlit fylgir ársreikningi, þar sem fram kemur afkoma einstakra rekstrarsviða stofnunarinnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf stofnunarinnar.

Varðandi innra eftirlit og fjárhagskerfi hafa endurskoðendur komið ábendingum á framfæri við stjórnendur og starfsmenn Austurbrúar eftir því sem átt hefur við hverju sinni. Auk þess var ábendingum komið til framkvæmdastjóra í sérstakri skýrslu varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og önnur atriði. Snúa athugasemdir einkum að því að reikningar hafa verið bókaðir og greiddir án þess að hafa verið samþykktir með formlegum hætti.

Fram kom að endurskoðandi hefur rætt fjárhagsstöðu við stjórnendur sem telja að stofnunin sé rekstrarhæf næstu tólf mánuði. Fram kom að flestir samningar eru að renna út, en nú er verið að vinna að endurnýjun þeirra.

Endurskoðandi bendir á að nauðsynlegt sé að taka punktstöðu nú og gera ráðstafnir varðandi reksturinn. Rætt um að töluverður einskiptiskostnaður hefði verið á árinu 2013 vegna stofnunar Austurbrúar sem ekki kæmi til á árinu 2014.

Rætt var um aðferðir og kostnað við árshlutauppgjör og örári fjárhagsupplýsingar til stjórnar vegna eftirlitsskyldu hennar. Talið að ekki fylgi því mikill kostnaður að keyra rekstrarniðurstöður út úr bókhaldskerfi mánaðarlega. Niðurstaða var að það skyldi gert, en efnahagur og sjóðstreymi yrði lagt

ársfjórðungslega fyrir stjórn. Stjórn gerir sér grein fyrir að slíkt mánaðarlegt yfirlit getur verið með smávægilegum skekkjum, vegna þess hvernig reikningar berast. Stjórn metur það svo að nauðsynlegt sé að fylgjast náið með hvernig fjárhagur og rekstur stofnunarinnar þróast á árinu, miðað við þá stöðu sem uppi er.

Að loknum umræðum og yfirferð stjórnar á ársreikningnum, samþykkir stjórn ársreikning Austurbrúar fyrir árið 2013 með undirritun sinni og leggur til við ársfund að hann verði samþykktur.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreiknings um jöfnun rekstrarhalla og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum.

### 3. Samkomulag um starfslok framkvæmdastjóra, tilhögun og tilkynningar

Formaður kynnti viðræður um starfslok framkvæmdastjóra.

Formaður lagði fram drög að tilkynningu sem send verður út um leið og starfslokasamningur hefur verið gerður. Formaður og Sverrir vinna að starfslokasamningnum. Miðað við að framkvæmdastjóri hætti störfum nú þegar á starfstöð, en gert verði samkomulag um að hann vinni ákveðin verkefni.

### 4. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöður mála... Verkefnalisti KSG/VOH.

Farið hefur verið yfir verkefnalista yfir verkefni sem framkvæmdastjóri og formaður telja nauðsynlegt að sinna sem fyrst og hverjir kæmu að því.

### 5. Ársfundur Austurbrúar ses, dags 9. maí 2014, undirbúningur og áherslur

Umræður um tilhögun ársfundar og áherslur. Tillaga framkvæmdaráðs er að yfirskrift/þema fundarins væri „Menntun og menning“ og fyrirlesarar yrðu fengnir samkvæmt þessari yfirskrift. Í ljósi þeirra breytinga sem augljóslega eru að verða vegna starfsloka framkvæmdastjóra og stöðu innan stofnunarinnar er tillaga stjórnar að eingöngu verði afgreiddir reikningar á aðalfundi, en honum síðan frestað til hausts.

- **Inná fundinn kom starfsháttanefnd, til samtals við stjórn um tillögur sínar.**

*Gögn lögð fram: Ársfundur Austurbrúar 2014 – vangarveltur starfsháttanefndar kynntar á stjórnarfundi 22.apríl*

Fram kom hjá formanni starfsháttanefndar Skúla Birni Gunnarssyni að nefndin væri búin að funda síðustu vikur vegna ársfundar sem er framundan. Nefndin hefur leitað eftir tilnefningum til stjórnar. Upplýsir að ekki eru tilnefningar frá helmingi stofnaðila.

Lausleg greining á núverandi stöðu er sett fram í punktaformi.

Starfsháttanefndin setur síðan fram fimm sviðsmyndir varðandi ársfund, stjórnarskipan og stjórn stofnunarinnar á næstu mánuðum og dregur upp stöðu, kosti og galla við þær. Tillaga starfsháttanefndar er að farið verði að sviðsmynd 5.

Hún gerir ráð fyrir að ársfundur verði 9.maí en flestu nema afgreiðslu ársreikninga verði frestað fram á haust. Núverandi stjórn og fagráð sitji áfram. Núverandi stjórnarformaður axlar framkvæmdastjórastörf til næstu mánaða. Starfháttanefnd verði falið á ársfundi að ráðast í mat á stjórnskipulagi og starfsemi stofnunarinnar og skila tillögum fyrir framhaldsársfund. Reynt verði að halda í horfinu og nýtt upphaf boðað með haustinu.

Sérstök áhersluatriði nefndarinnar eru einnig að starfandi framkvæmdastjóri leggi áherslu á fjárhag, starfsmannamál og almenna stjórnsýslu. Einnig að stjórn starfi sem heild án framkvæmdaráðs, lykilstarfsmenn hafi aðkomu að ráðningu framkvæmdastjóra þegar staðan verður auglýst, stefnumótun verði lokið sem fyrst og stjórn kynni áherslur og aðgerðir sínar og tillögur varðandi ársfund á starfsmannafundi hið fyrsta.

Nefndarmenn töldu að ekki væri fullreynt með þann grunn sem stofnað var til með Austurbrú og nú væri lag að fara yfir stöðuna. Það væri þó ekki kostur að gera ekki neitt og það yrði að taka á þeim málum sem verið hefðu að hrjá stofnunina. Ítrekað að upplýsingar til starfsmanna yrðu að vera meiri. Lögðu áherslu á að meiri upplýsingar en minni væru betri gagnvart starfsmönnum.

Að lokinni yfirferð nefndarmanna voru sviðsmyndir ræddar. Áherslumunur kom fram hjá stjórn um hvort ráðast ætti í skipuritsbreytingar nú þegar eða seinna. Að öðru leiti var stjórn sammála áherslum starfsháttanefndar.

Staðan var síðan metin frá ýmsum sjónarhornum og taka þarf tillit til hagsmunadila og sveitarfélaganna þegar horft er til nýs skipulags. Skýrt mat að það þurfi góðan leiðtoga í hóp góðra og reyndra starfsmanna og valdmörkin þurfi að vera skýr.

Formaður fór yfir með hvaða hætti hann gæti komið að aukinni stjórnun á næstu mánuðum. Tillaga kom fram um að Jóna Árný komi inn í einn til þrjá mánuði sem ráðgjafi/framkvæmdastjóri Austurbrúar, eða fram að framhaldsaðalfundi, sem haldinn yrði fyrir lok september 2014.

#### Niðurstaða:

- Ársfundur haldinn 9.maí.
- Ársreikningar afgreiddir
- Starfháttanefnd verði falið á ársfundi að ráðast í mat á stjórnskipulagi og starfsemi stofnunarinnar og skila tillögum fyrir framhaldsársfund.
- Ársfundi síðan frestað til hausts, sem felur í sér að stjórn og fagráð sitji áfram til hausts
- Tillaga um nýjan framkvæmdastjóra verði rædd fundi í næstu viku

## 6. Önnur mál

### a) Fundur með starfsmönnum

- Trúnaðarmaður starfsmanna Austurbrúar, Anna Alexandersdóttir hefur óskað eftir að haldinn verði starfsmannafundur og mun formaður reyna að koma honum á í vikunni eða svo fljótt sem verða má í samráði við starfsmenn.

### b) Erindi, bréf og fl.

- Ekkert frekar kynnt.

Fundi slitið kl. 19.00

---

Valdimar O. Hermannsson

---

Arnbjörg Sveinsdóttir

---

Páll Baldursson

---

Rögnvaldur Ólafsson

---

Sverrir Mar Albertsson

---

Auður Ingólfssdóttir

